


Teikning þessi er gerð eftir deiliskipulagi sem samþykkt var í bæjarráði Hornafjarðar þann 02.07.2024.

5 Sérákvæði:

Samhliða sérákvæðum skal lesa og fylgja eftir almennum skilmálum sem koma fram í kafla 4 í greinargerð deiliskipulagsins.

Vanda skal til allrar hönnunar, frágangs bygginga og lóða. Leitast skal við að skapa skjólgóð dvalarsvæði við byggingar sem snúa móti sólu. Hönnuðir skulu kynna sér hönnun aðliggjandi húsa með það í huga að skapa gott samspil hvað varðar efnisval og frágang. Einn og sami hönnuður skal vera að sambyggðum byggingum (s.s. par/raðhúsum) og byggingum sem standa á sömu lóð (s.s. fjölbýlishúsum). Samræmi skal vera í hönnun og gerð þeirra hvað varðar útlit og frágang, þ.á.m. valkvæðan bílskúr, þakhalla, þakfrágang, efnisval, áferð og litaval á einstökum byggingarhlutum.

Staðsetning byggingarreits er sýnd á skipulagsuppdrætti, mæliblöðum og skilmálateikningum. Skilmálateikning skal fylgja aðalteikningu fjölbýlishúsa. Skilmálateikning skal sýna hvernig aðalteikningar húsa falla að skipulagsskilmálum einstakra lóða. Byggingaráform skal leggja fyrir skipulagsdeild bæjarins og samþykkjast í skipulagsnefnd áður en þær eru lagðar fyrir embætti byggingarfulltrúa.

Í þeim skal koma fram ofangreind skilmálateikning, sem m.a. sýnir hvernig hönnun og frágangur húsa og lóða fellur að sérskilmálum og almennum skilmálum fyrir svæðið.

Jarðvegsathuganir:

Teikningin sýnir staðsetningu borhola þar sem kannað var dýpi niður á fastan, burðarhæfan botn til að draga úr óvissu varðandi grundun bygginga. D-tölur gefa til kynna dýpi (í metrum) að burðarhæfum botni frá núverandi landhæð. Einnig eru sýndir gólfkótar fyrirhugaðra bygginga.

Upplýsingar á teikningunni byggja á jarðrannsóknarskýrslu Verkís.
Ítarefni og skýrsluna í heild má finna á vef Hornafjarðar: www.hornafjordur.is

ATH - Allar hæðir eru í hæðarkerfi Hafnar (bæjarkerfi).




Sveitarfélagið Hornafjörður

Hæðarsetning fyrir lóðirnar:

Lambhagi: 9, 11, 13, 15, 17, 19
Lambhagi: 8, 10, 12, 14

## Skýringar

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lóðamörk | ④ Númer lóðar | GK | Gólfkóti |
| Byggingarreitur | 2h Hæðir bygginga | Lh | Landhæð |
| Götur /Gangstígar | + Borholur | D | Dýpi á fastan botn í m |
| Bundin byggingarlína | | | |

Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði, kt: 590169-4639. Netfang: afgreidsla@hornafjordur.is

## Hagahverfi - Lambhagi

-Hæðarsetning-
Jarðvegsathuganir

| Mælikvarði | Teikninúmer |
|---|---|
| 1:500 A3 | HBL-043 |
| | Teikning nr. 01 |

HOA Ráðgjöf
HOA Ráðgjöf
Hjörtur Örn Arnarson - Landfræðingur
790 3131 - hoa@hoa.is - www.hoa.is

| | Dags: | Nafn | Yfirfarið |
|---|---|---|---|
| Hönnun | 08.10.2024 | HOA | BS |
| Breyting | 17.11.2025 | HOA | BS |

Hjörtur Örn Arnarson